



Háskóli Íslands í samstarfi við MIRA

Háskóli Íslands notar nú MIRA-kerfið til að halda utan um starf hollvina við skólann. Þetta kerfi nær að þjóna öllum tengslum og deildum skólans. Kerfið gerir deildum kleift að rækta hollvinastarf sitt af krafti og samræma starf milli deilda þar sem það á við. Miklir möguleikar eru í gagnavinnslu með þesu nýja kerfi.

Starf hollvina felur nú í sér tengingu við Endurmenntun með tilboði til hollvina á völdum námskeiðum. Þá er Hapdrætti Háskóla Íslands dýrmætur bakhjarl sem gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu skólans.

[Meira ...](#)



Sumarvinna fyrir nemendur við sjálfstæðar rannsóknir

Nýsköpunarsjóður námsmanna auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsóknarvinnu háskólanema sumarið 2016. Umsóknarfrestur er til 10. febrúar kl. 16.

Markmið Nýsköpunarsjóðs námsmanna er að gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða háskólanema í grunn- og meistaranámi í sumarvinnu við rannsóknar- og þróunarverkefni.

Styrkir verða veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja. [Meira ...](#)



Málþing um almannavarnir og hlutverk félagsþjónustu

Þann 18. janúar héldu **Norræna velferðarvaktin, Velferðarráðuneytið og Félagsráðgjafardeild** málþing í Norræna húsinu þar sem rætt var um hlutverk félagsþjónustu og samstarf stofnana á sviði almannavarna hérlendis og í Svíþjóð. Rannsóknarverkefnið Velferð og vá er eitt þriggja rannsóknarverkefna sem unnin eru undir hatti Norrænu Velferðarvaktarinnar í tilefni af formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2014. Um þriggja ára verkefni er að ræða og þann 10. [Meira ...](#)



Ásgeir Jónsson nýr forseti Hagfræðideildar

Ásgeir Jónsson, dósent við Háskóla Íslands, hefur verið kjörinn deildarforseti Hagfræðideildar fram til sumars 2018 og hefur þegar tekið við af Tór Einarssyni. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir mun gegna stöðu varaforseta deildarinnar fram til 1. júlí 2016.

Auk stöðu deildarforseta er Ásgeir umsjónarmaður meistaranáms í fjármálhagfræði við sömu deild. Þau verkefni sem Ásgeir hefur unnið að eru meðal annars tengd alþjóðafjármálum, peningahagfræði, hagsögu, orkuhagfræði, fasteignamarkaðinum, byggðahagfræði og almennri þjóðhagfræði.

[Meira ...](#)



Innsetningarathöfn Stefáns Hrafns Jónssonar

Innsetningarathöfn Stefáns Hrafns Jónssonar, prófessors í félagsfræði fór fram þann 13. janúar s.l. í Odda 101. Haldið er upp á framgang eða ráðningu nýrra prófessora með sérstökum kynningarfyrirlestri á Félagsvísindasviði.

Athöfnin hófst með stuttu yfirliti Daða Más Kristóferssonar, forseta Félagsvísindasviðs um helstu störf Stefáns Hrafns en svo tók Stefán Hrafn við og hóf erindi um störf sín og framtíðarsýn í kennslu og rannsóknum. [Meira ...](#)



Samband íslenskra sveitarfélaga styrkir meistaranema

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ákveðið að veita allt að þremur meistaranemum styrki til að vinna lokaverkefni á sviði sveitarstjórnarmála sem tengjast stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014-2018 (Sjá lista hér fyrir neðan um möguleg verkefni.) Til úthlutunar er að þessu sinni allt að 750.000 kr. [Meira ...](#)



Evrópski persónuverndardagurinn 2016

Fimmtudaginn 28. janúar verður málþing á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og Persónuverndar. Málþingið ber heitið: **Evrópski persónuverndardagurinn 2016 - Persónuupplýsingar hjá fyrirtækjum og stjórnsýslu** og fer fram í Hátíðasal Háskóla Íslands milli kl. 12 og 13. [Meira ...](#)



Utanríkisráðherra auglýsir styrki til meistaranema

Utanríkisráðherra auglýsir tvo styrki til ritunar meistaraþrófsritgerða um málefni Norðurslóða.

Verkefni geta t.d. verið á sviði (alþjóða)stjórnarmála og -laga, öryggismála, umhverfis- og loftlagsbreytinga, efnahags- og samfélagsþróunar og auðlindanýtingar sem tengist Norðurslóðum.

Miðað er við lokaverkefni í meistaranámi að lágmarki 30 ECTS einingar og jafnframt við það miðað að verkefnið verði unnið á árinu 2016.

Hvor styrkur er að upphæð kr. [Meira ...](#)

Viðburðir framundan

26. jan - 12:00	Málstofa Viðskiptafræðideildar
26. jan - 15:00	Skiptinám í Evrópu - kynning á umsóknarferli
27. jan - 12:30	Korngold á Háskólatónleikum
28. jan - 12:00	Persónuupplýsingar hjá fyrirtækjum og stjórnsýslu
20. feb - 13:00	Febrúarbrautskráning frá Háskóla Íslands
05. mar - 12:00	Háskóladagurinn 2016 - Opið hús í Háskóla Íslands